

**3. fundur Skólaráðs – 27. janúar 2021.**

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Ásthildur Knútsdóttir, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúar foreldra, Hildur Jóna og Kristín fulltrúar nemandafélagsins komust ekki, Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri voru á fundinum.

Dagskrá:

**Skólahúsnæðið og skólalóðin.**

- Öryggi og aðbúnaður í skólanum.
- Kynning á niðurstöðum nemendakannana Skólapúlsins.
- Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk og úrvinnsla.
- Önnur mál.  
Breyting á skóladagatali – þemadagar færðir til 17. – 19. mars.

- Öryggi og aðbúnaður í skólanum.** Fram kom að farið er yfir skólalóðina reglulega m.t.t. öryggis og viðhalds. Framundan er að laga leikvöll hjá frístund og bæta aðstöðu víða á skólalóðinni t.d. laga körfuboltavöllinn og fleira. Einnig kom fram að hjólaskýli verður útbúið undir þaki við fyrirlestrarsal og fleira. Rætt var um hvar væri hægt að geyma hlaupahjól þar sem margir nemendur koma á þeim. Fram koma að skólinn hefur ekki lengur aðstöðu til að geyma þau inni og verða nemendur að læsa þeim úti vegna þess hve mörg þau eru.  
Rætt var um aðbúnað í skólanum út frá viðhaldsáætlun sem er í vinnslu og að minna fjármagn verður sett í viðhald skólans þetta ár en mun meira næstu tvö. Áætlunin er til þriggja ára. Nefnd voru dæmi um það sem á að gera eins og að bæta gólfdukk, loftplötur, laga leka, hjólaskýli, mála og margt fleira. Einnig var rætt um kulda í skólanum sérstaklega í matsal. Fram kom að það hefur verið skoðað og kuldi og hljóðvist batnað í salnum við það að fá gardínur fyrir stóran gluggavegg í salnum. Skólastjórnendur og umsjónarmaður fóru yfir áætlunina og sendu nokkrar ábendingar með henni til frekari vinnslu. Fram kom einnig að áhættumat á vinnuumhverfi skólans var unnið á síðasta skólaári og verður það uppfært á vorönninni en verður ekki kynnt sérstaklega hér núna.
- Helstu niðurstöður viðhorfakannana nemenda í 6. – 10. bekk voru kynntar, en helmingur nemenda hefur tekið könnunina og er staðan eftirfarandi: skólinn er við eða aðeins undir landsmeðaltali í þættinum **virgni nemenda** í skólanum. Skólinn er yfir eða í landsmeðaltali í þættinum **líðan og heilsa**. Skólinn er í eða við landsmeðaltal í þættinum **skóla- og bekkjarandi** þennan fyrri hluta skólaársins þar sem hólfaskipting og Covid hefur haft mikil áhrif á skólastarfið. Nú verður spennandi að sjá hvernig þróunin verður fram á vor.
- Kynning á niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk og úrvinnsla. Við erum ekki komin með samanburð við skólana í Hf. Miðað við landsmeðaltal í 4. bekk þá er hópurinn í heild aðeins undir meðaltali landsins í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður eru greindar út frá einstaklingum og unnið í minni námshópum til að styrkja nemendur í þeim þáttum sem þarf að styrkja. Nemendur í 7. bekkur voru hins vegar nokkuð yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Sama vinnulag er viðhaft til að vinna úr niðurstöðunum. Nemendur voru yfirleitt að standa sig miðað við væntingar en unnið er út frá niðurstöðum hvers og eins og námið aðlagð í minni námshópum.

- Önnur mál – Kynnt er fyrirhuguð breyting á skóladagatali þar sem óskað verður eftir að þemadagar sem eru skertir dagar færast frá 10. – 12. febrúar til 17. – 19. mars. Ástæðan er að sýningarhelgi söngleikjar skólans Annie er alltaf helgina eftir þemadaga þar sem íþróttahúsi skólans er lokað og breytt í leikhús og æfingar á sviði á þemadögunum. Nauðsynlegt var að færa sýninguna og þemadaga til að nægur tími gæfist til að æfa þar sem æfingar hafa ekki getað hafist fyrr en eftir áramót vegna hólfaskiptingar skólans og sóttvarna. Þetta mætti skilningi og lagðist vel í meðlimi skólaráðs.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.13:30.

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri